

# ÁRÍÐANDI ÆKINGARAUKI

(Metabiologi)

## I

Um nokkur undanfarin ár hefir hið nafnkunna enska tímarit *Light* (Ljós) við og við flutt greinar eftir mig. Hefir tilgangur minn með greinum þessum fyrst og fremst verið sá, að reyna til að færa út takmörk líffræðinnar — vísindagreinar, sem ég hefi haft áhuga á frá barnæsku — þannig að menn skilji hvernig lífinu eftir dauðann eða framlífinu er háttað. Liggur þar hið mesta við, að þeim skilningi geti orðið framgengt, því að öðrum kosti getur ekki samband vor jarðbúa við þá, sem framliðnir eru, komist í það horf, sem vera þarf. En það er sannleikurinn, blátt áfram sagður, að undir framgangi þess sambandsmáls er framtíð mannkynsins komin.

Síðasta grein mín um eðli framlífsins kom í *Light* 21. okt. s. 1. Er þar vakin athygli á því, hversu merkilega fræðslu um lífið eftir dauðann má fá í bók, sem heitir „Talks with Spirit Friends, Bench and Bar“; höfundurinn er gamall lögfræðingur, sem ekki nefnir sig, og segir hann þarna frá viðræðum sínum við framliðna konu sína og kunningja, aðallega meðal breskra dómara og málaflutningsmanna (Bench and Bar). Rit þetta, sem ég vil mikillega hvetja menn til að lesa — það tekur mjög mikið fram hinni langtum frægari bók Findlays: „On the Edge of the Etheric“ — minnir að ýmsu leyti á hina stórmerkilegu bók Guðmundar Davíðssonar frá Hraunum, Íslendingabyggð á öðrum hnetti, og mætti vel heita: Bretabyggð á öðrum hnetti. Til þess að gera bók þessari full skil, þyrfti langa ritgerð, og verður því ekki að sinni við komið, enda nægir í aðalatriði, að benda á fátt eitt. Tiltakanlega vænt þótti mér um að sjá, að svokallaður andi tekur þarna skýrt fram, að framliðnir séu af holdi og blóði

gerðir, síðu 194: „We are flesh and blood.“ Og í samræmi við það er, s. 189, talað um heilafrumur (brain cells) framliðinna. Sami andi segir s. 203, að hann hafi farið til norðlægra héraða þarna í „andaheiminum“ og stundað vetraríþróttir: „I have been to the colder, northern zone here, David, and have been indulging in icehockey“. Síðu 204, segir „andi“, sem er að lýsa bústað framliðins: borð- og talstofurnar eru á neðstu hæð. Ég býst við, að það þyki undarlegt, að talað er um borð- og talstofur framliðinna; en sannleikurinn er sá, að vér neytum hér fæðu nokkurrar og höfum hér annars allt, sem vér getum hugsað oss að hafa á jörðinni: „Your dining- and drawing-rooms are on the ground. It seems strange, I suppose, to say dining- and drawing-rooms; but we do have meals of a kind, and also all that we can possibly think of on earth, we have here.“ Dómarinn Brampton lávarður hefir, meðan hann lifði hér á jörðu, verið mikill hestamaður og veiðimaður, og er það enn eftir dauðann. Hann kveðst, s. 92, eiga marga góða hesta: „There are many fine pieces of horseflesh here.“ Og ennfremur segir hann: „Sannleikurinn er sá, að lífið hér er mjög svipað lífinu á jörðinni: „The real truth is: life here is very much like life on earth ... it is a perfectly natural life. ... Og hann talar ennfremur um blómin meðfram veginum, og um fugla, hunda og ketti.

## II

Með slíku og mörgu öðru af sama tagi, sem lesa má í bók þessari, er vitanlega alveg ótvíræðlega gefið í skyn að Bretabyggð þessi hinna framliðnu, er á jarðstjörnu nokkurri, þó að hvergi sé það beinlínis tekið fram. — En höfundurinn, sem auðsjáanlega er mjög vel skynsamur og menntaður maður, virðist eftir sem áður trúa á andaheim, þrátt fyrir allar hinar svo stórfróðlegu tilraunir framliðinna vina hans til að fá hann til að skilja, að þeir lifa ekki í andaheimi. Bók eftir H. Dennis Bradley, sem kom út sama árið og áður nefnt rit, 1931, og heitir „And After“, hefir það til síns ágætis, að

framliðinn, sem talar við Bradley fyrir munn Mrs. Osborne Leonard, segir þar berum orðum, að hann eigi heima á jarðstjörnu: „Ours is (a) solid planet.“ Og enn fremur: „We walk on material ground“: „vér göngum á jörð, fastri undir fótum.“ S. 34. En áður, s. 32, hefir þessi framliðni aftur á móti sagt við Bradley — og vitanlega í því skyni að fá hann til að skilja hversu mjög lífið eftir dauðann líkist lífinu hér á jörðu — að maðurinn sé hér á jörðu andi: „That man was a spirit on the earth.“ S. 48, segir Bradley frá því, er hann á tal við hinn framliðna nafnfræga málaflutningsmann, Marshall Hall, sem fræðir hann á því, að hann sé ekki andi í andaheimi, fremur en hann var meðan hann lifði hér á jörðu, heldur hafi hann líkama gerðan af efni, en fegri og miklu fullkomnari en líkami hans var hér í lífi: „This is not a state of spirit any more than the one I have left ... I am still in a state of matter, with a more beautiful and much less troublesome body.“

Mjög líkt þessu hefir hinn framliðni Conan Doyle komist að orði í miðilsamtali við Harry Price, eins og ég hefi bent á í grein, sem kom í *Light* í síðastliðnum marsmánuði, og í annarri í blaðinu *Fálkinn*.

H. D. Bradley er skarpleiksmaður mikill, en af engu verður þó ráðið, að hann hafi veitt því eftirtekt, hversu afar merkilegan fróðleik framliðnum hefir þarna tekist að láta honum í té, og gefur slíkt nokkra bendingu um það, hversu ramar eru hinar röngu fyrirframsannfæringar um lífið eftir dauðann, og hversu fjarri menn eru ennþá skilningnum á þessari útfærslu náttúrufræðinnar, sem ég hefi nú verið að vinna að um allmörg ár. En þar er þó um að ræða þann þekkingarauka, sem leiða mun til þess, að hagir mannkynsins munu á fáeinum áratugum taka stórkostlegri framförum en orðið hafa um allar þær aldir, sem liðnar eru frá því að til varð hér á jörðinni maður úr apa.

### III

Aftan af grein minni í *Light* 21. okt., hafði verið sleppt nokkrum áriðandi línunum, sem ég vildi gefa lesendum mínum kost á að sjá: „It is safe to predict that no decisive progress will be made in communicating with the departed and in understanding the after-life, so long the fundamental truth is not realised, that when we die we emigrate to another planet. Mankind has now arrived at a critical point in its evolution. There is the possibility that life may become a success in a degree it never was before. But the *conditio sine qua non* is that we shall be able to link up with the more advanced life stations; and this linking-up is impossible without the knowledge that the planets of the universe are the growing-ground of Life.

The purpose of Life is the realisation of the possibilities for good, of space, time and matter. The belief, therefore, in an afterlife without space, time and matter, is radically unreasonable.

Ég hafði fyrst ætlað mér að skrifa radically absurd, en hugði að auðveldara mundi verða um upptöku, ef ég breytti til, og notaði hið vægara orð; en þó kom það fyrir ekki.

Ég hefi í línunum þessum tekið fram, hversu nauðsynleg þekking á hinu sanna eðli framlífsins er fyrir samband vort við æðri lífstöðvar, og að án þess sambands getur mannkynið ekki komist á leiðina til fullkomnunar. Ég hygg, að tilgangi lífsins hafi aldrei verið lýst í færri orðum en gert er þarna í síðustu línunum: Tilgangur lífsins er að framkvæma alla þá möguleika til góðs, sem búa í geimi, tíma og efnis. Trúin á framlíf án geims, tíma og efnis, er þess vegna alveg frá rótum óskynsamleg.“

Sannleikurinn hefir löngum átt erfitt uppdráttar hér á jörðu, og því meir, því merkilegri sem hann hefir verið. Og enn er svo. Maður sem varla hugði á annað, þegar hann þroskaðist, en svik og blekkingar, og að geta veitt sér allt, sem fyrir peninga getur fengist, ávann sér allra traust og aðdáun, varð frægasti maðurinn, sem á Norðurlöndum hefir verið, og samtíðin gaf honum konungsnafn (eldspýtna-

kóngur). — Ástæður þess manns, sem færir mannkyninu þau sannindi, sem því ríður meira á að vita en nokkuð það, sem áður hefir verið leitt í ljós, hafa verið talsvert á annan veg, og þannig, að mjög hefir hindrað verkið. Og vel sé þeim, sem ekki eru vinir lyginna, heldur sannleikans.

Nóv. 1932.